



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi  
b.t. velferðarnefndar  
Austurstræti 8 -10  
150 Reykjavík

Reykjavík 26. febrúar 2015

1502045SA TP  
Málalykill: 401

### **Efni: Efling virkniúrræða fyrir atvinnuleitendur - 122. mál 144. lþ.**

Á síðastliðnu vori var lögð fram tillaga til þingsályktunar um eflingu virkniúrræða fyrir atvinnuleitendur. Tillagan náði því ekki að verða vísað til nefndar á vörþingi og var hún endurflutt á haustþingi. Velferðarnefnd Alþingis hefur tillöguna nú til meðferðar og óskar eftir umsögnum um hana.

Samband íslenskra sveitarfélaga fagnar framkominni tillögu enda afar brýnt að efla úrræði í málefnum þess hóps sem hefur verið lengi atvinnulaus, er búinn að fullnýta bótarétt sinn hjá Atvinnuleysistryggingasjóði og þarf að leita eftir aðstoð sveitarfélaga og annarra aðila til þess að sjá sér farborða. Jafnframt þarf að horfa sérstaklega til ungs fólks á aldrinum 18 - 25 ára, m.a. námsmanna, sem hafa ekki verið á vinnumarkaði og áunnið sér þar rétt. Þar er um hóp að ræða sem ætla verður að hefði verið virkur á vinnumarkaði ef atvinnuástand hefði verið með eðlilegum hætti á umliðnum misserum.

Sérstök athygli er vakin á því að ramminn um málefni hóps langtímaatvinnulausra hefur verið að taka örum breytingum á undanförunum misserum. Verið er að hverfa frá þeirri hugsun að byggja opinberan stuðning á örorku heldur eigi fremur að meta hæfni og getu einstaklinga til starfa. Lögð er áhersla á rétt til þátttöku og virkni, meðal annars með hlutastörfum. Þá þarf að þróa verkefni sem mæta því ef sveiflur eru í einstaklingsbundinni hæfni og getu, til dæmis vegna sjúkdóma.

Ný hugsun í þessa veru felur í sér mikla áskorun fyrir opinber stuðningskerfi sem og vinnumarkaðinn sem mun þurfa að laga sig að þörfum þessa hóps með fjölbreyttara framboði af störfum og meiri sveigjanleika í vinnufyrirkomulagi. Mörg sveitarfélög hafa tekið þessari áskorun og skapað störf á sínum vegum í tengslum við einstaklingsbundna vinnu með einstaklinga á fjárhagsaðstoð. Nærtækt er að nefna Hafnarfjörð þar sem bæjarfélagið hefur haft forgöngu um að setja á laggirnar fjölda af hlutastörfum til þess að bjóða þeim sem leita eftir stuðningi. Vísað er til lokaskýrslu um Áfram! verkefnið (um breytta fjárhagsaðstoð Hafnarfjarðarbæjar, desember 2015). Sú skýrsla fylgir umsögn sambandsins um frumvarp það til breytinga á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga er velferðarnefnd hefur nú til meðferðar (416. mál).

Áréttað er að samvinna margra aðila er lykillinn að árangri í þessu efni. Nauðsynlegt er að lög styðji vel við slíka samvinnu, þannig að ólíkir aðilar geti til dæmis unnið með upplýsingar um málefni atvinnuleitenda, þeim til hagsbóta.

Minnt er á að í áðurnefndu 416. máli eru gerðar tillögur um að félagsþjónusta sveitarfélaga eigi náð samstarf við Vinnumálastofnun um aðstoð við



atvinnuleitendur sem njóta fjárhagsaðstoðar hjá sveitarfélaginu. Gert er ráð fyrir að samstarfið fari fram innan teyma sem vinni með einstaklingum að gerð einstaklingsbundinna áætlana, á grundvelli mats á starfsgetu. Þessi nálgun - virk velferðarstefna - er meðal annars byggð á reynslu af áðurnefndu verkefni Hafnarfjarðarbæjar auk þess sem horft er til þess hvernig velferðarkerfi á Norðurlöndum hafa þróast á umliðnum árum, m.a. sem viðbragð við efnahagslægðum.

Samband íslenskra sveitarfélaga hvetur eindregið til þess að framkomin þingsályktunartillaga hljóti samþykki á yfirstandandi þingi og lýsir sig reiðubúið að taka þátt í vinnu á grundvelli hennar, ásamt þeim aðilum vinnumarkaðarins sem tilgreindir eru í tillögunni.

Virðingarfyllt  
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



---

Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri